

Styrkþegi: Sjálandsskóli  
Verkefnisstjóri: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir



# Efling læsis á unglingastigi

Skólaárið 2015-2016

**Ábyrgðarskólí verkefni: Sjálalandskólí**  
**Þáttakendur: Kennarar á öllum skólastigum sem óskuðu eftir að vera**  
**Verkefnisstjóri: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir**

### Markmið verkefnisins:

Markmið verkefnisins er að efla læsi og þróa kennsluhætti í öllum námsgreinum í Sjálalandskóla. Læsi er einn af grunnþáttum nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Lögð verður áhersla á þjálfun lesturs og ritunar. Marga unglínga skortir að geta lesið sér til gagns og viljum við með þessu verkefni gera þá betur í stakk búna að lesa sér til gagns og þar með að takast á við þau verkefni sem bíða þeirra að grunnskólanámi loknu. Við teljum mikilvægt að kennarar öðlist færni í að beita ólíkum en áhrifaríkum lestraraðferðum sem auka lesskilning og efla hæfni nemenda til að lesa. Því verður lögð áhersla á lestur til náms og yndislestur í verkefninu. Megin áhersla verður á lestur og hvernig nemendur læra en ekki hvernig kennarar kenna. Leitað verður til sérfræðinga á sviði læsis til að leiðbeina kennurum um það hvernig þeir geta eftl læsi nemenda sinna. Þá var eitt að meginverkefnum að gera lestrarstefnu fyrir alla árganga skólans. Lestrarstefna Sjálalandskóla hefur verið í þróun og er unnin eftir þeim lestrarkennsluáðferðum, skimunum og prófum sem notast er við hér í skólanum. Einnig er unnið eftir þeim nýju viðmiðum í lestri sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Góð lestrarfærni er undirstaða náms og lögð er ríkari áhersla á lestrarkennslu á öllum skólastigum. Notuð voru ákveðin hraðaviðmið til að meta lestrarfærni nemenda og í þróunarvinnunni þótti eðlilegt að nota þau viðmið sem Menntamálastofnun gefur út en þar metum

við fjölda rétt lesinna orða á mínútu. Hluti af þróunarvinnunni tengdist endurskoðun og nýju skipulagi á lesskimunum, íhlutunum og gerð nýrra lesskilningsverkefna. Lestrarstefna Sjálalandskóla er skjal sem er í stöðugri þróun og kennarar skólans vinna eftir. Hún er leiðbeinandi fyrir kennara, foreldra og forráðamenn, um hvernig unnið er með þjálfun lestrarfærni, lesfímipróf, lesskilningspróf, skimanir og greiningarpróf.

### Lýsing á framgangi verkefnisins:

Verkefni er hluti af þjóðarátaki um læsi sem Garðabær er hluti af ásamt öðrum sveitarfélögum á landinu. Markmið verkefnisins var að efla læsi nemenda á unglíngastigi Sjálalandskóla. Bókarkostur bóksafns Sjálalandskóla er nokkuð rýr og lítið úrval bekkjarsetta sem hægt er að vinna með. Því var það mat verkefnisstjóranna að efla þyrft bókakostinn til að verkefnið yrði að raunveruleika. Það var því fyrsta verkefnið sem farið var í.

**Janúar 2016:** Steinunn Torfadóttir hélt námskeið fyrir kennara skólans sem bar yfirskriftina „Að efla læsi á öllum skólastigum“.

**Febrúar – mars 2016:** Verkefnisstjórar fóru í tvær skólaheimsóknir til að kynna sér hvernig unnið er með læsi á unglíngastigi. Farið var í Hagaskóla í Reykjavík og Njarðvíkurskóla.

**Janúar – júní 2016:** Unnið að læsisstefnu unglíngastigs Sjálalandskóla. Ný læsisstefna verður tekin upp á skólaárinu 2016-2017 í Sjálalandskóla. Skimanir voru endurskoðaðar og bornar saman. Íhlutanir voru endurskipulagðar og gerð ný verkefni sem tengdust lesskilningi.

**Apríl 2016:** Yndislestrarátak í unglíngadeild. Nemendur fengu daglega aukinn tíma til yndislestrar. Átakið stóð yfir í eina viku. Lesnar voru bækur sem ekki voru hluti af námsefni bekkjar á unglíngastigi. Markmiðið með

Þessu var að vekja áhuga nemenda á yndislestri. Kennarar telja að þeir hafi séð árangur af átakinu það mátti einnig sjá á því að fleiri nemendur en áður sóttu sér bækur á bókasafnið til yndislestrar í kjölfarið.

**Janúar-júní 2016:** Bókakostur unglíngadeildar efldur og búin til læsisverkefni með það að markmiði að efla nemendur unglíngadeildar til að lesa sér til gagns og einnig stóðu vonir til að fleiri nemendur gætu lesið sér til ánægju.

### Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Það voru engar hindranir aðrar en þær að vegna tímaskorts náðist ekki að ljúka við innleiðingu verkefnisins á tilsettum tíma. Langur tími fór í uppsetningu og frágang lestrarstefnunnar en þegar hún var loks sett í loftið var mikil ánægja með hana.

### Mat á verkefninu (afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf, óvæntar hliðarverkanir, vonbrigði o.s.frv.):

Verkefnið hefur tekist ágætlega og allir kennarar Sjálandsskóla á unglíngastigi eru sammála um að efling læsis á unglíngastigi sé mikilvægur þáttur í skólastarfinu í heild. Óánægja var með fyrirlestur sérfræðings og þótti hann ekki skila tilætluðum árangri þ.e. hann var of fræðilegur og almennur, kennarar töldu sig skorta aukin tæki til kennslu og eflingar læsis. Skólaheimsóknirnar þóttu afar gagnlegar og komu kennarar til baka með margar góðar hugmyndir sem þeir hófu strax að þróa inn í skólastarfið og efldust enn frekar að mikilvægt væri að ljúka við lestrarstefnu skólans á unglíngastigi hið fyrsta þannig að hún kæmi til framkvæmdar ekki síðar en næsta skólaár. Mikil ánægja er með nýja lestrarstefnu sem m.a. tekur á nýju skipulagi skimana og íhlutana. Með auknum bókakosti á bókasafni skólans og samhliða lestrarátaki jókst útlán bóka á unglíngastigi jafnt og þétt og hefur ekki minnkað.

### Kynningar á verkefninu:

Verkefnið var kynnt fyrir starfsmönnum Sjálandsskóla. Lestrarstefnunni vinna allir kennarar við skólann eftir.

**Heildarupphæð styrks: 465.000**

**Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:**

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
Sept 2016	Sérfræðingur	194.000
Sep – júní 2016	Fyrirlestrar x 2	120.000
Sep – júní 2016	Gögn	151.000

---

dags. nafn verkefnisstjóra

---

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla

---

dags. nafn verkefnisstjóra

---

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla